

2023



Byggðamerki Þingeyjarsveitar  
**Hönnunarstaðall**

# Tilgangur hönnunarstaðals

Í merki stofnunar, félags eða fyrirtækis eru tákn fyrir þau gildi sem hafa verið sett í tímans rás eða ákveðið hefur verið að vinna eftir. Merki er form til opinberrar auðkenningar og kynningar. Samræmi í notkun merkisins, útliti og framsetningu, í hvaða miðli sem er, stuðlar að áreiðanlegri ímynd

og styrkir þau gildi sem það stendur fyrir. Mikilvægt er að þeir sem nota merkið, bæði innanhúss og utan, fari eftir þeim stöðlum sem settir hafa verið þannig að þau markmið sem lagt hefur verið upp með náist.



# Efnisyfirlit


<b>Þingeyjarsveit</b>	<b>4</b>
<b>Litir</b>	<b>5</b>
<b>Merkið</b>	<b>6</b>
<b>Útfærslur merkisins</b>	<b>7</b>
<b>Notkun - rými</b>	<b>7</b>



# Þingeyjarsveit

Þingeyjarsveit er stærsta sveitarfélag Íslands að flatarmáli og þekur um 12% landsins en byggð í sveitarfélaginu takmarkast við Fnjóskadal, Ljósavatnsskarð, Köldukinn, Bárðardal, Laxárdal, Aðaldal, Reykjadal og Mývatnssveit. Þéttbýliskjarnar eru á Laugum og Reykjahlíð. Megnið af landi sveitarfélagsins er í óbyggðum og nær það alveg inn á Vatnajökul.




Kjördæmi	Norðausturkjördæmi
Flatarmál	12.021 km <sup>2</sup>
Mannfjöldi (2023)	1.393
Þéttbýliskjarnar	Laugar (íb. 109) og Reykjahlíð (íb. 227)
Póstnúmer	601, 641, 645, 650 og 660



**Þingeyjarsveit:** Kjarna · 650 LAUGUM  
Sími 512 1800  
thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is  
thingeyjarsveit.is

# Litir

Litir byggðamerkis Þingeyjarsveitar eru tveir bláir litir, ljósari blár til að tákna himinn og dekkri blár rammar merkið inn og teiknar fjallið.

	C: 100 M: 75% Y: 0% B: 0%	C: 100% M: 64% Y: 0% B: 60%
	PANTONE 286 U	PANTONE 289 U
	R: 60 G: 86 B: 161	R: 3 G: 46 B: 91



Fjórlitakerfið CMYK er notað við prentun á efni í fullum lit, eins og t.d. auglýsingum í tímarit, bæklinga og þess háttar. Til sam-  
burðar þá er þetta sama prentaðferð og hefðbundnir heimilis-  
prentarar byggja á, þ.e. fjögur litahylki.

Litir geta tekið miklum breytingum miðað við hvaða pappír er notaður og hvaða tækni er notuð, offset- eða stafræn prentun. CMYK stendur fyrir cyan, magenta, yellow og black.

PANTONE er litakerfi sem notað er í offsetprentun. Þá er liturinn blandaður fyrirfram í stað þess að prentvélarnar sjái um blöndunina. Kerfið er t.d. notað við prentun á nafnspjöldum og slíkum prentgripum þar sem ekki er notaðir þrír liti en þrír, sem í þessu tilfelli væru PANTONE 289, PANTONE 286 og svartur.

RGB er litur sem verður til með ljósi t.d. í tölvuskjám, símum og með skjávörpum. Efni sem birtist svona er alltaf mun skýrara en prentað efni og ber að taka tillit til þess við endanlega útkomu. RGB skammstöfunin stendur fyrir rauðan, grænan og bláan.

# Merkið

Merki Þingeyjarsveitar er myndtákn af Herðubreið sem er það kennileiti sem trónir hæst í sveitarfélaginu en tindur fjallsins er í 1680 metrum yfir sjó. Herðubreið þykir einstaklega formfagurt fjall og er á stundum kölluð „Drotting íslenskra fjalla“. Herðubreið var valin þjóðarfjall Íslendinga í kosningu árið 2002.

Auðkenninu er ætlað að standa, stutt af lettruðu nafni sveitarfélagsins. Þannig skal setja það í forgang, næst á eftir kemur táknið eitt og sér, án leturs.

Leitast skal við að nota merkið á hvítum grunni eða svo ljósum að sjáist skýrt á fletinum. Það á bæði við um skjöldin með og án lettruðu heiti.



# Útfærslur merkisins

Byggðamerki Þingeyjarsveitar er sett fram í þremur megin útfærslum. Þær eru skjöldurinn óstuddur letruðu heiti sveitarfélagsins, skjöldur með letruðu heiti í lóðréttri útfærslu og skjöldur með letruðu heiti í láréttri útfærslu. Að auki þessum útfærslum merkisins er það viðurkennt hvítt á lituðum grunni og svart þar sem það á við.



Þingeyjarsveit



Þingeyjarsveit

# Notkun - rými

Mikilvægt er að pláss í kringum merkið sé nægilegt og sé alltaf a.m.k. sem nemur fjórðungi af skildinum í kringum táknið og textann. Þetta gildir um allar útfærslur merkisins.



